

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Hringsjá endurhæfingu.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfsseignarstofnunin heitir Hringsjá endurhæfing, með kennitölu 540987-2549, og starfar skv. lögum nr. 19/1988.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Meginmarkmið Hringsjár er að auka virkni fólks með skerta starfsgetu. Hringsjá býður upp á nám, fræðslu, þjálfun og stuðning því tengt. Hringsjá starfrækir einnig heilbrigðisendurhæfingu. Markmiðið er að þátttakendur fari að jafnaði í vinnu eða nám að lokinni endurhæfingu í Hringsjá.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfsseignarstofnunarinnar í þágu markmiða hennar með því að starfrækja náms- og starfsendurhæfingu, heilbrigðisendurhæfingu og tengda starfsemi.

### 4. gr.

#### *Stofnandi og stofnfé.*

Stofnandi Hringsjár er ÖBÍ, réttindasamtök, kt. 631292-2599.

Stofnandi leggur fram allt stofnfé Hringsjár sem er 140.000.000 kr.

Hringsjá ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er Hringsjá kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í Hringsjá.

### 5. gr.

#### *Tekjur.*

Starfsemi Hringsjár er fjármögnuð með samningum við opinbera aðila. Einnig með samningum við aðra aðila og með framlögum sem stofnuninni berast.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn skal skipuð fimm fulltrúum til þriggja ára í senn og tveimur varafulltrúum til sama tíma. Stjórn ÖBÍ, réttindasamtaka, tilnefnir fulltrúa í stjórn Hringsjár, þær tilnefningar eru lagðar fyrir fulltrúaráð Hringsjár, sbr. 7. gr., á aðalfundi. Telji fulltrúaráð ástæðu til að víkja stjórnarmanni úr stjórn Hringsjár skal boðað til aukafundar fulltrúaráðs Hringsjár hið fyrsta og tillaga um það lögð fyrir fulltrúaráð. Skal þá liggja fyrir tilnefning um nýjan fulltrúa í stjórn sem jafnframt skal lögð fyrir fulltrúaráð.

Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir á ári sem ber upp á slétta tölu og þrír skulu tilnefndir á ári sem ber upp á oddatölu. Einn varamaður skal tilnefndur ár hvert. Varamönnum er frjálst að sitja fundi stjórnar. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur í stjórn en í sex ár samfellt. Fyrsta stjórn skal skipuð á stofnfundi.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri hæfi sitt skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Stjórn Hringssjár stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar þegar við á. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn Hringssjár ber ábyrgð á fjárvörslum stofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum en eigi sjaldnar en sex sinnum á ári.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### 7. gr.

##### *Fulltrúaráð.*

Fulltrúaráð Hringssjár skal skipað formanni, varaformanni og gjaldkera ÖBÍ, réttindasamtaka, á hverjum tíma, einum fulltrúa skipuðum af Vinnumálastofnun og einum fulltrúa úr hópi notenda. Skipunartími fulltrúa skal vera mest sex ár, þó að teknu tilliti til sólarlagsákvæða ÖBÍ. Formaður ÖBÍ er formaður fulltrúaráðs, stýrir fundum og skipuleggur starfsemi þess í samstarfi við stjórnarformann Hringssjár.

Fulltrúaráð ákveður laun stjórnarmanna, staðfestir tilnefningar og frávikningar stjórnarmanna og endurskoðenda, hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar, veitir umsagnir um ársreikninga og ársskýrslur, hefur heimild til að ákveða sérstaka rannsókn á fjárreiðum stofnunarinnar, veitir umsagnir um tiltekin málefni stofnunarinnar og viðheldur skipulagsskrá og öðrum samþykktum stofnunarinnar.

Aðalfundur fulltrúaráðs skal haldinn fyrir lok júní á ári hverju og er hann jafnframt aðalfundur Hringssjár. Aðalfundur situr fulltrúaráð ásamt stjórn og framkvæmdastjóra. Þar skal gera grein fyrir starfi Hringssjár. Aðalfundur skal boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá Hringssjár skal getið sérstaklega í fundarboði og skulu þær liggja frammi á skrifstofu Hringssjár með sama fyrirvara. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum um mál sem fulltrúaráð tekur fyrir. Fulltrúaráð heldur aukafundi eftir þörfum.

#### 8. gr.

##### *Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn Hringssjár ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk og gerir við það ráðningarsamninga. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart stjórn og aðalfundi. Framkvæmdastjóri hefur rétt á setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri skal veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn er heimilt fyrir hönd Hringssjár að efna til samstarfs og gera samstarfssamninga til lengri eða skemmri tíma svo markmiðum með starfsemi Hringssjár verði náð.

## 9. gr.

*Bókhald.*

Stofnunin skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn skal sjá til þess að gerður sé ársreikningur fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

## 10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn Hringssjár skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Framkvæmdastjóri skal tímanlega fyrir aðalfund leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

## 12. gr.

*Breyting samþykktá og niðurlagning.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 fulltrúa á aðalfundi samþykkja breytingarnar enda sé fundurinn lögmætur og tillaga um þær hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Slíkt skal svo borið skriflega undir sýslumann.

Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið af stofnendum til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 22. desember 2025.*

**Thelma Dögg Theodórsdóttir.**

---

*Helga Haraldsdóttir.*